

Umsagnir vegna umhverfismatskýrslu vegna laxeldis í Vestmannaeyjum og svör framkvæmdaraðila.

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
1	Fiskistofa, dags 6.10.22	
1.1	<p>„ Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. “</p>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir athugasemdir Fiskistofu og telur ekki þörf á frekari svörum við umsögninni.
1.2	<p>„ Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í skýrslunni er kemur fram að varnir verði margfaldar við því að fiskar sleppi frá stöðinni, þ.e. stálaristar, fiskigildrur, tromlusíur/filterar og viðtakatjörn. Niðurstaða umhverfisskýrslunnar er að ólíklegt sé að slysasleppingar verði og áhætta fyrir villta laxastofna því lítil. Miðað við fram lagða lýsingu á þeim búnaði sem notaður verður telur Fiskistofa það vera rétt metið og að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska. “</p>	
1.3	<p>„ Í umhverfisskýrslunni er tilgreint hvernig tekist verður á við það að minnka líkur á því að sjúkdómar komi upp í stöðinni eða sníkjudýrasmit. Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætt á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar eða sníkjudýr koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. “</p>	
2	Vestmannaeyjabær, dags 4.10.22	
2.1	<p>„Fulltrúar Vestmannaeyjabæjar hafa kynnt sér efni umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila frá Icelandic Land Farmed Salmon, fyrir eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjabær hefur átt í góðu samstarfi við framkvæmdaraðila og staðfestir að efnistöð umhverfismatskýrslunnar eru í takti við það sem um hefur verið rætt á undirbúningstíma“</p>	Framkvæmdaraðili telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast svara af sinni hálfu en þakkar Vestmannaeyjabæ fyrir gott samstarf til þessa.
2.2	<p>„Misræmi virðist vera í uppgefinni hæð iðnaðarlóðarinnar þar sem annarsveggar er talað um að lægsti punktur sé 6,5 m y.s.(bls. 26) og á</p>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um misræmi í umhverfismatskýrslu. Skilmálum deiliskipulags verður fylgt og á

	<p>öðrum stað talað um 6 m y.s. (bls. 36). Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á stærstum hluta lóðarinnar verði land jafnað í um 4-6 m y.s. Gert er ráð fyrir að skilmálum deiliskipulags verði fylgt.“</p>	<p>stærstum hluta lóðarinnar verður land 4-6 m.y.s., eins og kemur fram í umsógninni.</p>
<p>2.3</p>	<p>„Á mynd 2.7 er afstöðu mynd fyrir eldisstöðina í Viðlagafjöru. Rétt er að benda "Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Viðlagafjöru", tillögu til auglýsingar sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, dags. 13. 9. 2022, sem nú er í auglýsingu og er vísað til í þessu sambandi“</p>	<p>Áhersla hefur verið lögð á að umhverfisáhrif fiskeldisstöðvarinnar verði sem minnst. Þar af leiðandi hefur hönnun stöðvarinnar verið í sífelldri þróun á meðan umhverfismatið hefur staðið yfir. Í umhverfismatskýrslu er afstöðumynd sem sýnir, með nokkuð áreiðanlegum hætti, hvernig fiskeldisstöðin kemur til með að líta út. Í umhverfismatinu var lagt upp með að sýna sem endanlegasta legu stöðvarinnar til þess að hægt væri að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.</p> <p>Hönnun stöðvarinnar er ekki lokið og er ekki hægt að útiloka að smávægilegar breytingar komi til með að verða á útliti og legu stöðvarinnar eftir að Skipulagsstofnun gefur út álit á umhverfismatskýrslu og þar til framkvæmdaraðili sækir um starfs- og rekstrarleyfi.</p> <p>Í deiliskipulagi eru settir fram skilmálar sem framkvæmdaraðili kemur til með að fylgja þegar kemur að leyfisumsóknum og uppbyggingu stöðvarinnar.</p>
<p>2.4</p>	<p>„Rétt er að benda á uppfærðar upplýsingar í kafla 2.5 Jarðefni, um magn bögglabergs á svæði I-3 í meðfylgjandi umhverfismatskýrslu vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags nýs iðnaðarsvæðis í Viðlagafjöru, dags. 13.09.2022. Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að öll jarðefnanotkun verði í samstarfi við Vestmannaeyjabæ. Leitast skal við að lagera sem mest bögglaberg af svæðinu. Vestmannaeyjabær leggur einnig áherslu á hagkvæma nýtingu jarðefna og að framkvæmdaraðili nýti aldrei betri/verðmætari jarðefni en þörf er á hverju sinni. Í þessu sambandi er bent á að rannsóknir á efni á athafnasvæði AT-2 sýna að efnið sé nothæft í styrktar- og burðarlög fyrir flest mannvirki. Vestmannaeyjabær er að vinna að deiliskipulagi fyrir AT-2. Mögulegt verður að nýta efni þaðan þegar þörf verður á fyrir fiskeldið.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Vestmannaeyjabæjar og er meðvitaður um mikilvægi þess að nýting jarðefna, sem er takmörkuð auðlind í Vestmannaeyjum, fari fram í samráði við bæinn.</p>

2.5	<p>„Viðtakatjörn er staðsett á suð-vestur hluta lóðar fiskeldisins þar sem land er sem stendur nokkuð hærra en áformaður hæðar kóti starfseminnar. Mikilvægt er að huga að staðsetningu tjarnarinnar og skeringu í landið þannig að ekki verði hætta af grjóthruni og að nægt pláss sé fyrir starfsfólk til að athafna sig við tjörnina. Einnig ber að huga að frágangi á mörkum tjarnarinnar og að ekki sé hætta á að næringarefni (t.d. frá fortjörn) berist ekki í umhverfið kringum tjörnina t.d. í roki eða ef yfirfall verður. Lagt er til að gerðar verði ráðstafanir til að fæla fugla frá tjörninni.“</p>	<p>Staðsetning, lega og hönnun viðtakatjarnar hefur verið ítarlega ígrunduð og mun sú vinna halda áfram allt þar til framkvæmdir hefjast. Við endanlega útfærslu viðtakatjarnar verður meðal annars horft til þeirra atriða sem nefnd eru í umsögninni.</p> <p>Eins og fram kemur í umhverfismatskýrslu þá verður viðtakatjörn reglulega vöktuð, með tilliti til fuglalífs og gripið til viðeigandi aðgerða ef vöktun leiðir til þess að fuglar sækja í æti úr viðtakatjörn.</p>
2.6	<p>„Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að rask sé lágmarkað á framkvæmdasvæðum, annars vegar á óbyggðum svæðum utan Viðlagafjöru og í nálægð við hverfisvernduð svæði, að gerðar verði vinnureglur þar um og að verktakar hljóti þjálfun. Einnig er lögð áhersla á að gengið sé frá framkvæmdasvæði til fyrra horfs sem fyrst að loknum framkvæmdum.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili tekur undir þennan hluta umsagnarinnar og mun leitast við að lágmarka rask á framkvæmdasvæðinu.</p> <p>Þegar verk verða boðin út mun framkvæmdaraðili miðla þeim upplýsingum áleiðis til verktaka að framkvæmdarsvæðið sé umlukið náttúru sem hefur hátt verndargildi. Jafnframt verða þær áherslur, sem settar eru fram í umhverfismatskýrslu til að forðast óþarfa rask, tilgreindar í útboðsgögnum.</p>
3	Samgöngustofa, dags. 6.10.22	
3.1	<p>“Samgöngustofa vekur athygli á að fyrirhuguð eldisstöð er rétt við Urðavita og er líklegt að fyrirhuguð mannvirki geti haft neikvæð áhrif á siglingaöryggi.</p> <p>Í fjórðu grein laga nr. 132/1999 um vitamál segir: “Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vegagerðin látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu.</p> <p>Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.”</p> <p>Framkvæmdaaðili skal m.a. gæta þess að fara að ákvæðum vitalaga.”</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Samgöngustofu um vitamál. Við frekari þróun og hönnun verkefnisins verður tekið tillit til laga nr. 132/1999 um vitamál og þess gætt að framkvæmdin stangist ekki á við fjórðu grein laganna.</p> <p>Framkvæmdaraðili vill þó benda á að æskilegt hefði verið að athugasemd um málefnið hefði borist frá Samgöngustofu á fyrri stigum umhverfismatsins, til dæmis þegar matsáætlun framkvæmdarinnar var kynnt umsagnaraðilum.</p>

4	Hafrannsóknastofnun, dags 3.10.22	
4.1	<p>„Hafrannsóknastofnun gaf umsögn um tillögu að matsáætlun þessarar framkvæmdar (MFRI: 2021- 07-0162). Seiðaðisstöðin var ekki í matsáætlun en skv. upplýsingum frá Skipulagsstofnun (tölvupóstur 3.10.2022) var framsetning hennar samþykkt með margvíslegum athugasemdum sem framkvæmdaraðili þurfti að bregðast við. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna út frá starfssviði sínu.“</p>	Umsögn Hafrannsóknastofnunar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
5	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 26.7.21	
5.1	<p>„</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.</p> <p>Umhverfisstofnun veitir fiskeldisstöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir Matvælastofnun slíkri starfsemi rekstrarleyfi á grundvelli laga nr. 71/2008 um fiskeldi og hefur eftirlit skv. þeim lögum.</p> <p>“</p>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og telur hana ekki krefjast frekari svara af hálfu framkvæmdaraðila.
6	Vegagerðin, dags. 15.9.21	
6.1	<p>„Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu en bendir á að ljóst er að auknir þungaflutningar um þéttbýlið munu hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögn Vegagerðarinnar. Með tilkomu fiskeldisins mun umferð þungaflutninga óumflýjanlega aukast og má ætla að samhliða aukinni umferð þungaflutninga minnki umferðaröryggi að einhverju leiti.</p> <p>Til þess að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi verði sem minnst mun framkvæmdaraðili beina umferð þungaflutninga fram hjá þéttbýli, eins og kostur er.</p>

7	Matvælastofnun, dags. 13.7.21																
7.1	„Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.															
7.2	„Í umhverfismatskýrslu kemur fram í töflu 1.2. um frávik frá matsáætlun að ekki hafi verið gert ráð fyrir seiðaeldi sem hluta af framkvæmdinni í matsáætlun en í umhverfismatskýrslu sé gert ráð fyrir seiðaeldisstöð. Matvælastofnun vill koma því á framfæri að þegar að rekstrarleyfisútgáfu kemur munu verða gefin út tvö aðskilin rekstrarleyfi fyrir hvora framkvæmd fyrir sig, eitt fyrir seiðastöðina og annað fyrir matfiskeldið. Ekki kemur nægjanlega skýrt fram hvernig framkvæmdin við seiðaeldisstöðina verði háttað t.a.m. atriði sem tengjast fráveitu, ríkjandi vindáttum og sjávarhæð. Einnig þarf að gera betur grein fyrir meðferð dauðfisks frá báðum stöðvum og áður en til leyfisveitinga kemur þarf Matvælastofnun að berast graf sem sýnir þróun lífmassa í hvorri stöð fyrir sig fyrir eitt almanaksár.“	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Matvælastofnun og mun sækja um tvö aðskilin rekstrarleyfi fyrir hvora eldisstöðina fyrir sig.</p> <p>Í kafla 2.4.5 í umhverfismatskýrslu er fjallað um úrgangsmál, fráveitu og dauðfisk seiðaeldisstöðvarinnar. Þar kemur fram að tromlusíur verði nýttar til að hreinsa fastefni frá fráveituvatni, sem síðar fer inn á fráveitukerfið í Vestmannaeyjum. Seyra verður færð í rotþró þar sem hún verður geymd þar til hún verður sótt á bílum og ráðstafað sem hluti af heildarráðstöfun fyrirtækisins.</p> <p>Í kafla 4.4.3 er umfjöllun um ríkjandi vindáttir í Vestmannaeyjum auk þess sem skjáskot er úr vindatlas Veðurstofu Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands þá eru algengustu vindáttir aust- og suðaustlægar.</p> <p>Í kafla 2.3.4 <i>Sjávarhæðir</i>, er fjallað um sjávarhæðir í sjávar- og landkerfi Vestmannaeyja. Sjávarhæðirnar eru eins og segir í töflu hér að neðan.</p> <table border="1" data-bbox="1167 1042 2022 1283"> <thead> <tr> <th></th> <th>SJÁVARKERFI</th> <th>LANDSKERFI</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Meðal stórstraumsfjara</td> <td>2,7</td> <td>1,13</td> </tr> <tr> <td>Meðal smástraumsfjara</td> <td>2,0</td> <td>0,43</td> </tr> <tr> <td>Áætlað mesta stjarnfræðilegt flóð*</td> <td>3,3</td> <td>1,73</td> </tr> <tr> <td>Hæð á bryggjukanti í Vestmannaeyjum</td> <td>4,17</td> <td>2,60</td> </tr> </tbody> </table> <p>*án lágþrýstings og áhlaðanda vegna vinds.</p>		SJÁVARKERFI	LANDSKERFI	Meðal stórstraumsfjara	2,7	1,13	Meðal smástraumsfjara	2,0	0,43	Áætlað mesta stjarnfræðilegt flóð*	3,3	1,73	Hæð á bryggjukanti í Vestmannaeyjum	4,17	2,60
	SJÁVARKERFI	LANDSKERFI															
Meðal stórstraumsfjara	2,7	1,13															
Meðal smástraumsfjara	2,0	0,43															
Áætlað mesta stjarnfræðilegt flóð*	3,3	1,73															
Hæð á bryggjukanti í Vestmannaeyjum	4,17	2,60															

		<p>Framkvæmdaraðili sér ekki fram á að ríkjandi vindáttir eða sjávarhæðir komi til með að hafa áhrif á seiðaeldisstöðina þar sem stöðin verður staðsett í lokaðri byggingu, nokkuð frá sjó. Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að seiðaeldisstöðin verði byggð með þeim möguleika að geta dælt seiðum í brunnbát. Í umhverfismatsskýrslu kemur einnig fram að athugað verði að sjólagi áður en dæling fer fram og miðað við að ölduhæð sé <2 metrar (á dufli Landeyjahafnar) og öldustefna þannig að stöðin standi hlémegin við Heimaey eða frá landi til norðurs. Að því sögðu mun framkvæmdaraðili kynna sér sjávarhæðir og vindáttir við seiðaeldisstöðina áður en dæling fer fram.</p> <p>Í kafla 2.5.6 er fjallað um hvernig meðhöndlun á dauðfisk í matfiskastöðinni fer fram. Þar segir meðal annars að dauðfiskur verði fjarlægður úr kerjum tvisvar á dag úr kerjum og komið fyrir í fiskikeri með ís. Þar er dauðfiskur geymdur í kældri geymslu, aðskilinn bæði eldi og vinnslu. Dauðfiski úr hefðbundnum afföllum verður komið fyrir í meltutönkum með maurasýru.</p> <p>Til stendur að selja slátrunarúrgang og dauðan fisk til mjölvinnslu gegnum fyrirtækin Lýsi og S Iceland en flutningur á slíkum laxaúrgangi er reglulegur frá Vestmannaeyjum á vegum Fiskfrakt ehf.</p> <p>Meðhöndlun á dauðfisk frá seiðaeldisstöðinni verður með svipuðu móti en hann verður fjarlægður úr kerjum tvisvar á dag og settur í ker þar sem hann verður kældur. Dauðfiskurinn verður síðan sóttur reglulega og meðhöndlaður sem hluti af heildarráðstöfun fyrirtækisins.</p> <p>Framkvæmdaraðili mun sjá til þess að með leyfisumsóknum fyrir fiskeldisstöðvarnar fylgi gröf sem sýni þróun lífmassa í hvorri stöð fyrir sig yfir almanaksárið.</p>
7.3	<p>„Í kafla 2.5.6.2 um endurnýtingu lífræns úrgangs kemur fram að framkvæmdaraðili hafi gert samkomulag við Vestmannaeyjabæ og Landgræðsluna um nýtingu seyrunnar sem fellur til frá fiskeldinu til landgræðslu á Heimaey. Í því samhengi upplýsir Matvælastofnun hér</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Matvælastofnunar. Tekið verður mið af athugasemdinni þegar framkvæmdaraðili sækir um tilheyrandi leyfi fyrir framkvæmdinni.</p>

	<i>með að Icelandic Land Farmed Salmon þarf að sækja um skráningu áburðarfyrirtækis í þjónustugátt Matvælastofnunar á www.mast.is (umsókn 1.06)“</i>	Að öðru leyti telur framkvæmdaraðili að umsögnin krefjist ekki frekari svara.
8	Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 6.10.22	
8.1	<i>„Almennt er umhverfisskýrslan vönduð og ítarleg og flestum ábendingum Náttúrufræðistofnunar úr umsögn stofnunarinnar um matsáætlun hefur verið svarað t.d. um meðferð úrgangs og vöktun með fráveitu og áhrif á viðtaka.“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir athugasemd Náttúrufræðistofnunar Íslands og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari svara.
8.2	<i>„Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina kom fram að þótt framkvæmdasvæðið sé að nær öllu leyti á röskuðu svæði þá þarf að taka tillit til þess að svæðið er umkringt afar merkilegum jarðfræðiminjum sem hafa hátt verndargildi, og landslagi sem er að mörgu leyti einstakt hérlendis enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa flætt til sjávar. Þá er allt svæðið á náttúruminjaskrá. Þá verður stórfelld uppbygging mannvirkja mun meira inngríp inn í svæðið og á ýmsa náttúrufarshætti t.d. ásýnd, landslag, útivistargildi og áhrif á lífríki en sú efnistaka sem þar hefur verið stunduð.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir þennan hluta umsagnarinnar. Rík áhersla verður lögð á takmarka allt óþarfa rask. Þegar verk verða boðin út mun framkvæmdaraðili miðla þeim upplýsingum áleiðis til verktaka að framkvæmdarsvæðið sé umlukið náttúru sem hefur hátt verndargildi. Jafnframt verða þær áherslur, sem settar eru fram í umhverfismatsskýrslu til að forðast óþarfa rask, tilgreindar í útboðsgögnum.
8.3	<i>„Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir niðurstöðu umhverfismatsins að áhrif á landslag og sjónræn áhrif verði jákvæð, því þótt farið verði í tiltekt á svæðinu þá mun tilkoma stórra, áberandi bygginga og annarra mannvirkja gjörbreyta ásýnd svæðisins þar sem landeldisstöðin rís og færa það enn fjær náttúrulegu ástandi. Það sést vel á ásýndarmyndum í umhverfismatsskýrslunni. Þá verður erfiðara að endurheimta náttúrulegt ásýnd miðað við það sem mögulegt væri í dag“</i>	Við umhverfismat framkvæmda hefur sú aðferðafræði almennt tíðkast að fyrirhuguð framkvæmd er borin sama við grunnástand fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis, þ.e.a.s. það ástand sem ríkir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þegar umhverfismat fer fram. Framkvæmdaraðili getur þó tekið undir athugasemd NÍ um að með tilkomu stöðvarinnar þá færist svæðið fjær sínu náttúrulega ástandi. Raunin er aftur á móti sú að svæðið er fjarri því að vera í sínu upprunalega ástandi og einkennist nú þegar af raski af mannavöldum, sbr. kafla 4.3 í umhverfismatsskýrslu. Grunnástand svæðisins ber þess merki að þar hafi farið fram losun og geymsla á efnum auk þess sem þar eru manngerðir efnishólar. Framkvæmdaraðili telur að með tilkomu stöðvarinnar verði svæðið snyrtilegra og betur skipulagt en áður hefur verið. Vissulega verður

		landslag og ásýnd svæðisins fjarri sínu náttúrulega ástandi en framkvæmdaraðili telur að stöðin, og öll uppbygging henni tengdri hafi jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn, samanborið við núverandi ástand.
8.4	„Bent var á í umsögn um matsáætlun að fjalla þyrfti um áhrif breytinga á aðkomuvegum á hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að endanleg lega aðkomuvegar hafi ekki verið ákveðin en að gert sé ráð fyrir því að vegurinn muni liggja að langmestum hluta á sama stað og núverandi vegur en að byggja þurfi hann upp og breikka á köflum þar sem beygjur eru krappar. Þá er gert ráð fyrir að rafmagns- og vatnsveita verði grafin meðfram veginum. Náttúrufræðistofnun áréttar að forðast ber að vegagerðin valdi óþarfa raski á eldhrauninu umfram það sem þegar hefur verið raskað.“	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir þennan hluta umsagnarinnar. Við framkvæmdir tengda fiskeldinu verður tekið mið af þessum ábendingum.
8.5	„Í umsögn um matsáætlun var einnig bent á að mikilvægt sé að leggja mat á hver áhrif á framkvæmdir eða starfsemi verði á náttúru- og hverfisverndarsvæði sem liggja þétt upp að svæðinu sem um ræðir. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að framkvæmdasvæðið sé utan verndarsvæða og að ekki sé hætt á raski. Náttúrufræðistofnun vill benda á að við framkvæmd á viðtakatjörn mun aukast sá hæðarmunur sem nú þegar er milli þess svæðis sem tjörnin á að vera staðsett á og hverfisverndarsvæðisins „Þorbjörn (HV-6)“. Með þessum aukna hæðarmun eykst hættan á rofi úr hlíðinni og það efni sem losnar gæti mögulega fallið í tjörnina.“	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar NÍ varðandi breytingar á hæðarmun og mögulega hættu sem því fylgir. Tekið verður mið af athugasemdinni við frekari hönnun stöðvarinnar og framkvæmdir. Leitast verður við að forðast rask á hverfis- og náttúruvernduðum svæðum, eins og kostur er.
8.6	„Lítið er fjallað um ljósmengun, aðeins sagt að þar sem öll ker séu yfirbyggð verði dregið úr mestu áhrifum. Engu að síður verður lýsing á svæðinu og er hún líkleg til að draga að sér lundapysjur, skrofu-, sjósvölu-, stormsvölu- og fýlsunga síðsumars og á haustin þegar þeir fljúga úr hreiðrum. Svæðið verður afgang og því mikilvægt að starfsmenn eldisins sjái til þess að fuglum sem villast inn á svæðið verði bjargað og komið til sjávar“	Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu þá hefur hönnun stöðvarinnar farið fram samhliða umhverfismati og kapp verið lagt á að lágmarka umhverfisáhrif hennar. Meðal aðgerða sem gripið var til á hönnunarstigi, til að lágmarka umhverfisáhrif, var að fyrirbyggja ljósmengun frá kerjum með því að byggja yfir kerin og þar af leiðandi draga úr líkum á ásókn lundapysja í fiskeldið.

		Framkvæmdaraðili tekur undir athugasemd Ní um að líkur séu á því að lýsing á svæðinu geti laðað að sér fuglalíf og mikilvægi þess að fuglum, sem villast inn á svæðið, sé komið til sjávar.
9	Ísfélag Vestmannaeyja hf, dags. 30.9.22	
9.1	<p>” Rafmagn Samkvæmt skýrslunni þarf eldisstöðin samtals tæplega 6 MW af raforku (sjá kafla 2.5.9). Varaafstöð verður sett upp að auki sem skilar 5 MW. Ísfélagið vill benda á að nú þegar er skortur á raforku í Vestmannaeyjum og afhendingaröryggi er ekki fullnægjandi. Áður en hafist er handa við jafn viðamikla uppbyggingu í atvinnulífi Vestmannaeyja eins og laxeldið verður er nauðsynlegt að tryggja að fyrir hendi sé næg raforka til í Eyjum og fullnægjandi afhendingaröryggi til að tryggja rekstraröryggi atvinnulífsins og áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins. “</p>	<p>Framkvæmdaraðili hefur haft samráð við raforkusala og orkuflutningstæki varðandi afhendingu á orku til fiskeldisins. ILFS stefnir að því að skrifa undir viljayfirlýsingu (MOU) við orkusala á næstunni.</p> <p>Við fullan rekstur má gera ráð fyrir því að fiskeldið þurfi talsvert magn af raforku, eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu. Að því sögðu er mikilvægt fyrir framkvæmdaraðila að uppbygging raforkuinnviða sé alltaf unninn í samvinnu við raforkusala og orkuflutningsfyrirtæki og komi ekki til með að hafa áhrif á almenna raforkuþörf í Vestmannaeyjum.</p> <p>Þess ber að geta að framkvæmdaraðili hefur hvatt yfirvöld til frekari uppbyggingar á orkuinnviðum í Eyjum og trúir því að framkvæmd af þessari stærðargráðu, komi til með að skjóta sterkari stoðum undir rekstur á orkumannvirkjum sem gætu orðið samfélaginu í Vestmannaeyjum til bóta.</p>
9.2	<p>” Vatn Áætluð vatnþörf fiskeldisins, skv. skýrslunni, er um 2 l/s, en getur farið í 40 l/s á ákveðnum tímum. Meðalvatnþörfin er því að lágmarki um 173 tonn á sólarhring. Eldið áformar að nota vatnstank til að safna vatni til að mæta þessum sveiflum. Þar sem hámarksnotkun er rúmur helmingur af afkastagetu núverandi vatnslagnar til Eyja, skv. upplýsingum Ísfélagsins, er það mat félagsins að ekki sé til staðar nægilegt vatn í Vestmannaeyjum til að sinna þessari þörf og hugsanlegt að vatnsskortur verði viðvarandi fyrir bæði íbúa og fyrirtæki á svæðinu. Ísfélagið leggur áherslu á að leggja þurfi aðra vatnsleiðslu til Vestmannaeyja til að mæta þörfum íbúa og atvinnulífsins til framtíðar. “</p>	<p>Samráð hefur verið haft við HS Veitur varðandi ferskvatnsnotkun seiðaeldisstöðvarinnar. HS Veitur hafa staðfest að hægt sé að veita ILFS tvo lítra á sekúndu af fersku vatni með sama afhendingaröryggi og skilmálum og gilda um aðra viðskiptavinum í Vestmannaeyjum.</p> <p>Eins og fram kemur í kafla 2.4.1 <i>Lífmassi og vatnstaka</i> þá mun framkvæmdaraðili nýta forðatank með fersku vatni til að mæta hámarksnotkun við ákveðna rekstrarþætti. Þeir þættir eiga sér ekki stað daglega og standa stutt yfir. Félagið áformar einnig að búa til ferskvatn úr jarðsjó úr RO síum (Reverse Osmoses) til að tryggja öryggi í ferskvatnsöflun.</p>

		<p>Að ofan greindu telur framkvæmdaraðili að ekki sé hætt á því að vatnsskortur verði viðvarandi í Vestmannaeyjum sökum ferskvatnsnotkun stöðvarinnar.</p> <p>Mikilvægt er að vakta möguleg áhrif fyrirhugaðrar ferskvatnsnotkunar og að endurskoðun ferla fari fram ef vöktun bendir til þess að ferskvatnsnotkun hafi neikvæð áhrif á ferskvatnsbúskap Vestmannaeyja.</p> <p>Framkvæmdaraðili tekur jafnframt undir með Ísfélagi Vestmannaeyja varðandi mikilvægi málefnis þess að gott aðgengi sé að ferskvatni í Heimaey og hefur félagið átt fundi með hagsmunaaðilum vegna þessa. ILFS fagnar allri uppbyggingu orkuinnviða, þar með talið lagningu fleiri neðansjárvarlagna fyrir ferskvatn til Eyja.</p>
9.3	<p>” Sjór Ísfélagið er með nokkrar borholur og fær frá þeim sjó sem notaður er í fiskvinnslu félagsins, m.a. við framleiðslu á loðnuhrognum. Í skýrslunni kemur fram að hreinsuðum úrgangi úr eldinu verði dælt í sjó (kaffi 2.5.6.1) og til vara óhreinsuðum úrgangi í svokallaðan hamarshaus.</p> <p>„Einnig er til skoðunar að hleypa vatni beint úr eldiskerjum um lagnir í steiptum stokki til sjávar. Í því tilfelli yrðu lagnir lagðar frá eldiskerjum að eins konar hamarshaus sem staðsettur verður inn í brimvarnargarðinum neðan við eldisstöðina, og þaðan rynni eldisvatnið til sjávar.“ (úr kafla 2.5.6.1)</p> <p>Ísfélagið telur mjög mikilvægt að þetta verði rannsakað verði til hlítar og tryggt að úrgangurinn sem komi frá eldisstöðinni raski ekki gæðum sjávarins í höfninni og úr borholum félagsins. Þar sem um er að ræða mjög mikilvægan hlekk í starfseminni telur félagið að svör við ofangreindu þurfi að vera óbyggjandi og án alls vafa um að úrgangur frá eldinu hafi ekki áhrif á magn og gæði þess sjávar sem dælt er úr sjóholunum og notaður í framleiðslu á hágæða sjávarafurðum.</p> <p>“</p>	<p>Allt eldisvatn verður búið að fara í gegnum hreinsun áður en því verður hleypt til sjávar. Stefnt er að allt að 75% endurnýtingu á vatni í kerjunum sjálfum með diskasíum og verður öllu fráveituvatni frá kerjum að lokum veitt í tromlusíu sem staðsett verður í fráveitunni.</p> <p>Engu óhreinsuðu vatni verður veitt frá stöðinni til sjávar, nema upp komi neyðartilfelli.</p> <p>Hönnun og útfærsla á fráveitu verður samkvæmt lögum og reglugerðum um fráveitur og skólþ og hollustuhætti og mengunarvarnir. Auk þess mun fráveita uppfylla viðmið í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hreinsun frá fiskeldi á landi, en stofnunin kemur að lokum kemur til með að veita starfsleyfi fyrir stöðina.</p> <p>Þess má einnig geta að ILFS hefur græna hugsun og hringrásarhagkerfi að leiðarljósi í þessu verkefni og stefnir að því að ganga sem allra best um umhverfið.</p>
10	Minjastofnun Íslands, dags. 3.10.22	

10.1	<p>” Í kafla 3.2 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um umhverfisþætti sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Menningarminjar eru ekki þar á meðal. “</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar Minjastofnun Íslands fyrir umsögn en telur hana ekki krefjast frekari svara.</p>
10.2	<p>” Svæðið í Viðlagafjöru þar sem fyrirhugað er að reisa laxeldisstöðin hefur um árabil verið nýtt til efnistöku og svæðið er því raskað. Þar að auki er lóð fiskeldisins í hrauninu sem rann í gosinu 1973. Strengir og lagnir verða lagðir meðfram veginum frá Skansinum austur í Viðlagafjöru. Ný aðkoma verður gerð að svæðinu að sunnanverðu en þar verður gamall slóði sem fyrir er endurgerður í þeim tilgangi. Fyrirhugaðar brimvarnir og efnistaka munu ekki hafa áhrif á fornleifar. “</p>	
10.3	<p>” Ný seiðaeldisstöð við Friðarhöfnina verður reist á stað þar sem þegar hefur verið ráðist í jarðrask vegna fyrri áforma um uppbyggingu á staðnum. “</p>	
10.4	<p>” Fornleifar hafa ekki verið skráðar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Í ljósi þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stærstum hluta á röskuðu svæði í hrauni sem rann í gosinu 1973 og á öðrum svæðum sem einnig hefur verið raskað telur Minjastofnun Íslands að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á menningarminjar. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: <i>Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i> “</p>	
11	<p>Umhverfisstofnun, dags. 21.10.22</p>	

11.1	<p>„Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar. Umhverfisstofnun veitti umsögn um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar þann 13. ágúst 2021.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu Umhverfisstofnunar (UST) um málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna starfsleyfisumsókna og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari svara.</p>
11.2	<p>„Vatn Á bls. 47 í skýrslunni er fjallað um vatnsleiðni og lekt jarðlaga í Vestmannaeyjum. Þar segir að í ljósi þess að grunnvatn er lítið sem ekkert þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að það mengist. Umhverfisstofnun vill ítreka það sem bent var á í umsögn um matsáætlun að þrátt fyrir að grunnvatn sé salt þá fellur það samt undir skilgreiningu grunnvatns í 3. gr. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem segir að grunnvatn er „vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.“ Því gildir um það eins og önnur grunnvatnshlot að það skal vera í góðu ástandi má ekki falla um ástandsflokk, gerist slíkt þarf framkvæmdaraðili að fara í aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili er meðvitaður um flokkun vatnshlota og að sömu viðmið gildi um grunnvatnshlotið, þrátt fyrir magn seltu í grunnvatni svæðisins. Ástand grunnvatnshlotsins verður vaktað og gripið til viðeigandi aðgerða ef vöktun bendir til þess að ástandi vatnshlotsins hraki.</p>
11.3	<p>„Fráveita Samkvæmt skýrslunni verða tromlusíur nýttar til að hreinsa fastefni frá fráveituvatni seiðaeldisstöðvarinnar áður en því er veitt í fráveitukerfi Vestmannaeyjabæjar. Fráveitunni frá matfiskaeldinu verður þannig háttað að fyrst er um að ræða grófsíun í kerjum, svo fer vatnið í gegnum tromlufilter þar sem 75% fastefnis er hreinsað frá áður en fráveituvatnið fer í viðtakatjörn. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um að losun fosfórs megi ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Ekki verður heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þetta ákvæði á bæði við um seiða- og matfiskaeldið. Umhverfisstofnun bendir á að ef til kemur að framkvæmdaraðili getur</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar UST varðandi kröfur um losun í starfsleyfi.</p> <p>Ef í ljós kemur nýting viðtakatjarnar virkar ekki með þeim hætti sem lýst er í umhverfismatsskýrslu og landfræðileg lega svæðisins býður ekki upp á að lögð sé fráveitulögn í samræmi við reglugerð 197/1999 um fráveitur og skólp, mun framkvæmdaraðili óska eftir undaþágu fyrir lagningu útrásar til heilbrigðisnefndar, skv. grein 9.7 sömu laga.</p>

	<p>ekki nýtt viðtakatjörn til frekari hreinsunar á fráveituvatni og þarf að nýta lagnir í stokki til sjávar, skulu þær lagðar í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að leggja fráveitulögn í samræmi við kröfur reglugerðarinnar getur framkvæmdaraðili óskað eftir undanþágu fyrir lagningu útrásar til heilbrigðisnefndar skv. grein 9.7.“</p>	
11.4	<p>„Úrgangur Fram kemur að fastefni verði nýtt eins og kostur er með sjálfbærni og hringrásarhugmyndir að leiðarljósi. Gert hefur verið samkomulag milli framkvæmdaraðila, sveitarfélagsins og Landgræðslunnar um meðhöndlun og nýtingu fastefnis sem fellur til og inniheldur mikið af köfnunarefni og fosfór sem er því næringarríkt og hentar vel til áburðar. Umhverfisstofnun bendir á að notkun fastefnis/seyru til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar áður en/ef ætlunin er að nota fastefnið í áburð. Að auki kemur fram að áform séu um að nýta laxaseyruna/fastefnið til gasgerðar til framleiðslu á raforku en þessi áform eru á frumstigi. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að hugað sé að endurnýtingu úrgangs og bendir á stefnu stjórnvalda, í átt að hringrásarhagkerfi, sem kom út í júní 2021 en samkvæmt henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar UST og telur ekki þörf á frekari svörum við þessum hluta umsagnarinnar.</p>
11.5	<p>„Fuglar Fram kemur í umhverfismatskýrslunni að Vestmannaeyjar hafi verið skilgreindar sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði samkvæmt viðmiðum alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Þar er að finna stærstu lundabyggð landsins og þar eru fuglategundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eins og lundi, fýll, stormsvala, skrofa, sjósvala, súla, rita, langvía og álka. Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins er ekki talið að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á fugla þar sem kerin verða yfirbyggð og lýsingu haldið í lágmarki. Þó er gert ráð fyrir að fuglar muni sækja í lífræn efni í viðtakatjörn og því ætla framkvæmdaraðili að vakta hana og grípa til aðgerða ef sú verður raunin. Þá verða settar fuglafætur við</p>	<p>Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.</p>

	<p>tjörnina eða net strengt yfir hana. Umhverfisstofnun telur jákvætt að kerin verði yfrbyggð og þar af leiðandi verði minni ljósmengun sem getur haft áhrif á lundapysjur. Stofnunin tekur undir mikilvægi þess að viðtakatjörnir sé vöktuð og að gripið sé strax til aðgerða ef í ljós kemur að fuglar sæki í tjörnina.“</p>	
11.6	<p>„Landslag, sjónræn áhrif, útivist og ferðaþjónusta Í skýrslunni segir að aðkomuvegur muni liggja á sama stað og núverandi vegur en verður uppbyggður. Fram kemur að vegurinn muni því liggja á þegar röskuðu svæði í hrauninu. Umhverfisstofnun telur jákvætt að ákveðið hefur verið að byggja upp núverandi veg frekar en að raska frekara hrauni sem nýtur verndar skv. 61. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Niðurstaða framkvæmdaraðila er sú að áhrif á landslag, sjónræn áhrif, útivist og ferðaþjónustu verði jákvæð þar sem núverandi ástand svæðisins sé slæmt með tilliti til ásyndar. Umhverfisstofnun telur afar hæpið að meta áhrif eldisstöðvar að þessari stærðargráðu á landslag, útivist og ferðaþjónustu jákvæð. Þau mannvirki sem fylgja fiskeldinu verða að mati stofnunarinnar mjög áberandi, sér í lagi frá Eldfelli og Heimakletti þrátt fyrir að stöðin standi lágt í landi og stöðin verði látin falla að umhverfi sínu eins og mögulegt er með efnis- og litavali. Þá eru ótaldir flutningabílar sem munu fara um svæðið sem er á náttúruminjaskrá vegna stórfenglegs landslags en þeir verða 1.850 á ári samkvæmt töflu 2.12.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili vísar í svarlið 8.3 varðandi svör við þessum hluta umsagnarinnar.</p>
11.7	<p>„Niðurlag Umhverfisstofnun telur umhverfismatið vel unnið og jákvætt hve vel er hugað að hreinsun frárennslis frá matfiskaeldinu. Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á landslag, útivist og ferðaþjónustu en þau áhrif verði lágörkuð með því að hafa stöðina lágt í landi og með efnis- og litavali mannvirkja. Stofnunin telur að meta hefði átt áhrif flutninga og umferðar vörubíla á umhverfisþáttinn. Stofnunin telur mikilvægt að fylgst verði með hvort fuglar sæki í æti í viðtakatjörninni og ef sú verður raunin, að gripið verði til aðgerða um leið.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögn og athugasemdir UST. Jafnframt tekur framkvæmdaraðili undir með UST að þörf hefði verið á ítarlegri umfjöllun um flutninga, umferð og umferðaröryggi í umhverfismatsskýrslu en eins og gefur að skilja þá kemur umferð til að aukast á svæðinu með tilkomu fiskeldisins.</p> <p>Athugasemdir um skort á umfjöllun um umhverfisþáttinn bárust framkvæmdaraðila meðal annars á kynningarfundum umhverfismatsskýrslu og frá lögbundnum umsagnaraðilum (sjá svarlið 6.1). Framkvæmdaraðili er þar af leiðandi meðvitaður um málefnið. Við frekari hönnun</p>

		<p>stöðvarinnar leiða leitað til þess að draga úr mögulegum áhrifum umferðar, sem kostur er.</p> <p>Að öðru leyti vísar framkvæmdaraðili í svarliði 11.1 – 11.6..</p>
12	Orkustofnun, dags. 31.10.21	
12.1	<p>”</p> <p>Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar.</p> <p>Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum umhverfismatsskýrslunnar.</p> <p>”</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Orkustofnunar og telur þennan hluta framkvæmdarinnar ekki krefjast frekari svara.</p>
12.2	<p>”</p> <p>Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er annars vegar áformað að reisa fiskeldisstöð við Viðlagafjöru á Eldfellshrauni austarlega í Heimaey með um 11.500 tonna framleiðslu hvar áformuð er nýting á allt að 10.600 l/s að meðaltali af söltu grunnvatni, og hins vegar er áformuð seiðaeldisstöð í botni Friðarhafnar í Vestmannaeyjabæ með allt að 200 tonna hámarkslífmassa og þar sem áætluð er meðalvatnsnotkun um 2 l/s af fersku vatni fengnu úr neysluvatnskerfi sveitarfélagsins, að hámarki 40 l/s. Þó kemur fram að ráðgert sé að framleiða ferskvatn úr jarðsjó með RO síum fari vatnsnotkun umfram það sem fæst úr vatnsveitunni en ekki kemur fram hvar því grunnvatni (jarðsjó) verði aflað.</p> <p>”</p>	<p>Fyrirhugað er að bora 10-12“ holu fyrir ca. 20 l/s af jarðsjó fyrir seiðastöðina á lóðinni þar sem seiðastöðin er byggð. Búið er að fá leyfi frá Vestmannaeyjabæ til að bora þessa holu fyrir seiðastöðina.</p>
12.3	<p>”</p> <p>Stöðin í Viðlagafjöru mun hönnuð fyrir áframeldi og nýta einungis jarðsjó, annars vegar úr 30-100 m djúpum borholum sem ná niður fyrir gamla sjávarbotninn og hins vegar úr safnlögn á um 5-10 m dýpi í hrauninu í því skyni að nýta hærri sjávarhita yfir sumarmánuðina. Í töflu 2.7 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áætluð heildarvatnstaka í rúmmetrum verði jöfn alla mánuði (27.856.800 m³/mánuði) óháð dagafjölda hvers mánaðar, og þar af leiðandi reiknast stofnuninni að breytileg upptaka verði í l/s eftir mánuðum, þ.e. frá 10.400 til 11.514 l/s. Orkustofnun telur þó líklegra að hér sé um að ræða grófa áætlun á ári og henni deilt niður á mánuði. Telur stofnunin þessa framsetningu vekja upp spurningar um áætlaða vatnstöku sem þarfnist nánari skýringar við. Þá vakna jafnframt spurningar um áformaða jarðsjávarstöku til meðferðar við vinnslu, þrif og kælingu en tilgreint er að sú notkun haldist í hendur við eðli starfseminnar hverju sinni og bætist því við notkun við framleiðslu. Ekki kemur því fram í framlögðum gögnum hver verði hámarksupptaka jarðsjávar við fulla framleiðslu og að viðbættari annarri notkun og telur stofnunin að skerpa megi á þessu.</p> <p>”</p>	<p>Þegar stöðin er kominn í fullan rekstur má búast við litlum breytingum í vinnslu milli mánaða, enda fiskur á öllum vaxtarstigum í framleiðslu. En notkun á jarðsjó getur verið mjög mismunandi eftir lífmassa í kerjunum. Reikna má að lágmarksnotkun á jarðsjó í hverju kari verði ekki mikið undir 200 l/s en hámarksnotkun á jarðsjó fari ekki yfir 500 l/s.</p> <p>Mögulega koma upp einhver neyðartilfelli t.d. við flutning á fisk, þar sem notkun á kari fer upp í 800 l/s. Reiknað er með að meðalnotkun á kari verði í kringum 300 l/s og þar sem um er að ræða 28 kör í fullri framleiðslu þá má gera ráð fyrir 8.400 l/s.</p>

		<p>Varðandi notkun á jarðsjó sem tengist öðrum þáttum framleiðslunnar, þá eru þær tölur óverulegar í samanburði við frumdælingu í sjálfu fiskeldinu. Ætla má að algjör hámarks notkun í því samhengi verði aldrei meira en 100 l/s. Og tengist megnið af þeirri notkun vinnslu í tengslum við slátrun. Magn af jarðsjó sem fer í þrif og annað í tengslum við starfsemina væri óverulegt. Ef reistir verða sérstakir sláturtankar til geymslu á lifandi fiski, má gera ráð fyrir algjöru hámarki í kringum 800 l/s jarðsjó sem tengist slíkum tönkum. Sótt verður um nýtingarleyfi um hámarksdælingu á 10.000 l/s af jarðsjó.</p>
12.4	<p>„</p> <p>Í greinargerð Vatnaskíla sem fylgja með í viðauka umhverfismatsskýrslu eru leiddar að því líkur að sprungukerfið á Heimaey komi til með að takmarka hversu víðtæk áhrif vinnslunnar í Viðlagafjöru verði í Heimaey. Miðað við aðgengileg gögn sé gert ráð fyrir því að áhrif vinnslu jarðsjávar í gegnum grynri safnlögn og efri leiðara verði á takmörkuðu svæði við Viðlagafjöru og einungis innan efri grunnvatnsleiðara. Vinnsla úr neðri grunnvatnsleiðara er ekki talin valda verulegum eða víðtækum þrýstiáhrifum um Heimaey og telja Vatnaskil að endurnýjun jarðsjávar verði greið í stað þess vatns sem dælt verður. Í ljósi þessa telur framkvæmdaraðili að áhrif dælingar á grunnvatns- og jarðsjávarstraum séu staðbundin og óveruleg.</p> <p>Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við framangreinda umfjöllun á þessu stigi. Sæki félagið um nýtingarleyfi, sbr. auðlindalög, mun Orkustofnun á því stigi taka afstöðu til vöktunar og eftirlits með nýtingu, verði leyfi veitt. Á því stigi mun verða tekin afstaða til þeirra þátta sem tilgreindir eru í umhverfismatsskýrslu, og að teknu tilliti til umsagna um skýrsluna, álits Skipulagsstofnunar og umsagna um umsókn.</p> <p>Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um nýtingarleyfi, komi til þess. Framangreind umsögn miðast við gögn þau sem fylgdu með erindi Skipulagsstofnunar. Komi fyrirhuguð framkvæmd til lögformlegrar afgreiðslu Orkustofnunar á einhverju stigi áskilur stofnunin sér ennfremur rétt til að kalla eftir frekari gögnum, m.a. í ljósi framangreindra ábendinga og niðurstöðu úr umhverfismati framkvæmdarinnar.</p> <p>“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar Orkustofnun fyrir ábendingar um leyfisumsóknir og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari svara.</p>